

Blóðrekshjal

Embolisation

Eyþór H. Björnsson, lungnalæknir, hringdi og bað um íslenska þýðingu á fræðiheitinu **embolisation**. Það kemur ekki fyrir sem sérstök fletta í Íðorðasafni lækna, en nokkur skyld heiti er þar þó að finna. Eyþór var að leita að almennu heiti á aðgerð sem lokar lungnaæð með því að í henni er komið fyrir sérhönnuðum tappa. Eftir stutta umræðu kom okkur saman um að nota mætti heitið **æða(r)stíflun**. Þetta verkefni varð síðan tilefni þess að farið var yfir ýmis heiti af sama stofni. Skoðaðar voru fleiri heimildir en hægt er að tilgreina í stuttum pistli.

Embolism

Enska heitið er stytting á latneska fræðiheitinu **embolismus**, sem aftur er komið úr grísku. **Bolos** (L. bolus) getur verið *hnaus*, *köggull*, *kökkur*, *moli* og **bole** er *kast* eða *varp*. Þessi nafnorð eru sögð dregin af grísku sögninni **ballein**, að *kasta* eða *varpa*. Forskeytið **em-** (í sumum samsetningum **en-**) merkir *inn* eða *inni*. Síðasti hluti orðsins er viðskeytið **-ism**, sem er oft notað til að mynda nafnorð sem gefa til kynna *ástand* eða *verknað*. Bein orðhlutapýðing á grísk-latneska heitinu **embolismus** gæti því verið **innkast**, **innskot** eða **innvarp**. Nefna má að til er fræðiheitið **embololalia**, sem notað er um það fyrirbæri að menn skjóti marklausum eða óskiljanlegum orðum inn í tal sitt. Þar gæti heitið **innskotstal** átt vel við.

Blóðrek, blóðreki

Í lækisfræði er heitið **embolism** notað um feril eða atburðarás sem endar með stíflumyndun í æð (einni eða fleirum) af völdum massa sem borist hefur með blóðrás. Oftast kemur hann úr blóðstorkumassa, **blóðsega**, en flest efni og agnir, sem borist geta sem massi í blóðrásinni, geta tekið þátt í slíku ferli. Nefna má bæði líkamsefni, svo sem beinmerg, **bone marrow embolism**, fituvef, **fat embolism**, legvatn, **amniotic fluid embolism**, og æxlisfrumur, **tumor embolism**, og utanaðkomandi efni, svo sem bakteríumassa, **bacterial embolism**, loftbólur, **air embolism**, og manngerðar agnir úr gleri, málm eða plasti.

Samkvæmt Íslenskri orðabók Eddu hefur nafn-

orðið **rek** nokkrar merkingar. Meðal þeirra eru: 1 *það að reka, hefjast fyrir vindi og straumi*; 2 *það sem rekur, flýtur með straumi*. Merking nafnorðsins **reki** er tilgreind á svipaðan hátt, meðal annars: 1 *hlutir sem rekið hefur á land, einkum trjáviður*.

Við þýðingu sjúkdómaflokkunarkerfisins ICD-10 tók Orðanefnd læknafélaganna þá ákvörðun að taka þessi tvö orð inn í Íðorðasafn lækna til að aðgreina fyrirbærin embolism og embolus. Ofangreind stíflumyndun, **embolism**, verði þannig táknuð með íslenska heitinu **blóðrek**, en það sem berst með blóðrásinni, **embolus**, verði táknað með heitinu **blóðreki**. Í réttu samhengi má stytta samsettu heitin og nefna fyrrgreind fyrirbæri **beinmergsreka**, **fitureka**, **æxlisreka** og **loftreka**.

Blóðrekanám

Nefndin lagði ekki til atlögu við önnur heiti en þau sem koma fyrir í ICD-10. Þannig varð til dæmis **embolotomy** útundan í umfjölluninni á þessum tíma. Það heiti er notað um aðgerð, oftast skurðaðgerð, sem felur í sér brottnám **blóðreka**, **embolus**, úr æð. Íslenska heitið ætti nú að breytast úr **blóðreksnám** í **blóðrekanám**. Þeir sem ekki fella sig við að nota nafnorðið **nám** um **-ectomy** geta notað heitið **-taka**, samanber **botnlangataka** og **sýnistaka**.

Blóðrekameóferð

Í erlendum lækisfræðiorðabókum má að auki finna heitin **embolotherapy** og **therapeutic embolisation**. Ekki virðist teljandi munur á hugtökunum sem að baki þeim liggja. Meðferðin beinist að því að loka fyrir blóðrás með því að sprauta inn í æð örsmáum vefjaögnum eða aðskotahlutum úr plastefni, málm eða gleri, sem berast síðan með blóðstraumi á réttan stað og stífla þar minni æðar. Henni hefur verið beitt til að stöðva blæðingar, loka æðagúlum og til að koma af stað blóðþurrð og vefjadrepi í æxlum. Þetta finnst undirrituðum rétt að nefna **blóðrekameóferð**. Sé stífluefnið ekki látið reka með blóðrás, heldur sett sem tappi beint á þann stað sem stífla á, er nær að aðferðin fái hið almenna heiti **æða(r)stíflun** eða **stíflunarmeóferð**. Gaman væri að fá fréttir af öðrum hugmyndum eða tillögum.



Jóhann Heiðar
Jóhannsson

johannhj@landspitali.is

Jóhann Heiðar er læknir
á Landspítala Hringbraut.